

Oravien sota

„Stríð íkornanna“

Höfundur texta: Riina Katajavuori (FI)

Höfundur mynda: Martin Baltcheit

(Þýskalandi) Tammi, 2021

Var tilnefnd til Barna- og unglingsbókaverðlauna Norðurlandaráðs 2022.

Söguþráður: Í „Stríði íkornanna“ kynnumst við bræðrunum Valtteri og Pekka sem eru nágrannar. Þeir búa hvor í sínu trénu og á haustin safna þeir könglum til vetrarforða. Valtteri býr í stóru tré sem gefur af sér marga köngla en tréð hans Pekka er lítið og gefur bara af sér lítinn mat. Þegar veturinn nálgast fara bræðurnir að rífast og fyrr en varir brýst út stríð. Hvernig fer fyrir bræðrunum og öllum hinum dýrunum í skóginum?

Efnisorð: stríð, tap, átök, fyrirgefning, ójöfnuður, systkinadeilur

Samtöl og leikur:

SKOÐA-LESA með yngstu börnunum

Skoðið myndirnar með barninu. Hvaða dýr finnið þið? Þið getið líka farið út í skóg og fundið köngla. Kunnið þið lag um íkorna?

LEIKSKÓLABÖRN

1. Skoðaðu kápumyndina. Um hvað heldurðu að bókin sé?
2. Hefurðu einhvern tíma tekið þátt í keppni? Hvernig er að vinna? Hvernig er að tapa? Hvernig er tilfinningin í líkamanum og hvar er hún? Ræðið í barnahópnum.
3. Hvernig er hægt að sættast eftir rifrildi? Hvaða orð þarf til að sættast? Ræðið í barnahópnum. Búið til lítið leikrit um hvernig hægt er að ná sáttum á ný.
4. Hvaða dýr eru í bókinni? Hvaða önnur dýr þekkirðu sem eiga heima í skóginum? Hvernig er heima hjá dýrinu? Teiknaðu!

BÖRN KOMIN Á SKÓLAALDUR

1. Finnið opnu þar sem eru eftirfarandi orð: friður, stríð, átök, vinátta, einmanaleiki og gleði. Vinnið saman tvö og tvö.



2. Hvernig hljóð eru í bókinni? Skapaðu hljóðheim út frá hverri opnu, taktu hljóðið upp ef þú getur.

3. Ræðið hvernig hægt er að sýna vináttu í verki. Hvernig er hægt að gleðja vin sinn? Finndu opnu þar sem vinátta og samhugur birtist í myndum eða í orðum.

BÖRN SEM LESA SJÁLF

1. Hvað fannst þér gott við bókina? Hvað fannst þér ekki eins skemmtilegt? Var eitthvað sem þér fannst óþægilegt? Sérðu mynstur eða tengingu við aðrar sögur?
2. Veltu fyrir þér muninum á stríði og átökum, skrifaðu svarið á minnismiða. Ræddu svarið við eitt eða tvö önnur börn. Ræðið síðan svörin ykkar í hópnum.
3. Hvaða litaheimur er í bókinni og hvaða merkingu geta litirnir haft? Skoðaðu möppuna og opnuna með birninum og úlfinum, hvað gerist þar? Hvernig mynd er dregin upp af stríði í bókinni?
3. Í bókinni skipta könglarnir öllu máli fyrir frásögnina. Farðu út í náttúruna eða nærumhverfið og taktu með þér hluti sem þú finnur þar. Skrifaðu texta þar sem hluturinn skiptir sköpum fyrir atburðarásina. Hluturinn getur til dæmis ráðið miklu um hvernig sögunni lýkur.

AÐRAR BÆKUR SEM GÆTI VERIÐ GAMAN AÐ LESA:

Naturen - Emma AdBåge

Om du möter en björn - Malin Kivelä, Martin Glaz Serup och Linda Bondestam

MÁLAMOLI

"Stríð"

sænska

Krig

danska

Krig

norska

Krig

íslenska

Stríð

færeyska

Kríggj

grænlenka

Sorsunneq

finnska

Sota

norðursamíska

Soahti



Merkið myndir af lesstundinni ykkar með [#nordiskabokslukaren!](#)